

**Sp.**

**54. Tillaga til þingsályktunar**

[51. mál]

um setningu laga um kaup lausafjár með afborgunarkjörum.

Flm.: Jón Skaftason, Ólafur Jóhannesson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta semja frumvarp til laga um kaup lausafjár með afborgunarkjörum og leggja það frumvarp síðar fyrir Alþingi.

**Greinargerð.**

Það tíðkast í æ ríkara mæli hér á landi, að lausafjárkaup fari fram með þeim hætti, að kaupandi gjaldi aðeins lítinn hluta kaupverðs þegar í stað, en greiði síðan eftirstöðvarnar með tilteknum afborgunum á ákveðnum gjalddögum. Jafnframt er svo oft um samið, að seljandi haldi eignarrétti sínum að hinum selda hlut, þar til kaupverðið er að fullu greitt. Sem dæmi lausafjarmuna, sem oft eru seldir með afborgunarkjörum, má nefna notaðar bifreiðar, húsgögn, heimilistæki, hljóðfæri, sjónvarpstæki, bækur og margt fleira. Er enginn vafi á, að slík afborgunarkaup hafa færzt hér mjög í vöxt á síðustu árum. Er og efalaust, að þessi sammingskjör hafa greitt fyrir viðskiptum og stuðlað að því, að menn eignuðust lausafjarmuni, sem þeir ella hefðu orðið að vera án. Við slík afborgunarkaup reynir á ýmis atriði, sem ekki koma til, þegar um venjuleg lausafjárkaup er að ræða. Hér á landi eru samt engin sérstök lagaákvæði um sölu lausafjár með afborgunarkjörum. Slík lög hafa þó verið sett fyrir löngu í nágrannalöndum okkar, og voru raunar upphaflega sett þar um svipað leyti og lög um lausafjárkaup. Voru þau undirbúin af norrænni samstarfsnefnd. Þau lagaákvæði voru síðan endurskoðuð fyrir um það bil fimmtán árum. Að áliti flutningsmanna er fyllilega tímabært, að sett séu hér á landi sérstök lög um afborgunarkaup. Er æskilegt, að sem allra fyrst verði settar fastar reglur um þessa tegund lausafjárkaupa. Því er þessi þingsályktunartillaga flutt. — Nánar í framsögu.